

## Halla Fróðadóttir

### Lýtalæknir

## Lýtalæknir í Curacao

**6:00** Vakna við sólarupprás sem er nánast alltaf á sama tíma.

**7:00** Mætt í vinnuna á CMC (Curaco Medical Center), ríkissjúkrahúsi Curacao. Starfsfólkið er að tínast inn og allir bjóða öllum góðan daginn, hvort sem þú þekkir viðkomandi eða ekki. Bon dia.

Dagurinn hefst á stofugangi. Ég geng á mína sjúklinga. Nokkrir sjúklinganna voru í aðgerð deginum áður og geta útskrifast heim, konur á mismunandi stigum í brjóstauppyggingu. Áður en ég kom til Curacao var því miður lítið í boði fyrir konur með brjóstakrabbamein, fáar gátu fengið brjóstauppyggingu samtímis brjóstnámi.

Aðrir sjúklingar á deildinni eru búnir að liggja inni í nokkurn tíma, meðal annars ungur maður sem lamaðist fyrir ári eftir skotárás og var með þrýstingssár á tveimur stöðum og eldri kona með útbreidd brunasár.

**8:00** Fer á göngudeildina. Við erum tveir lýtalæknar sem störfum á spítalanum og erum bæði með göngudeild fyrir hádegi í dag. Kollegi minn er dr. Rivera frá Kólumbíu, lýta- og handaskurðlæknir. Það var mikill munur fyrir mig þegar hann kom til starfa. Ég var þá búin að vera ein í fjóra mánuði og vaktirnar eftir því, alla daga!

Á göngudeildinni er mikil stemning. Hjúkrunarfræðingarnir okkar eru alglega ómissandi. Fyrir utan hefðbundin störf hjúkrunarfræðinga þurfa þær oft að túlka fyrir mig þegar sjúklingarnir tala ekki ensku. Hér eru töluð fjögur tungumál: papiamentu, hollenska, spænska og enska. Ég hef ekki náð almennilegum tökum á papiamentu þó að ég skilji nokkuð en ég get slegið um mig með einum og einum frasa.

Fólkið hérna á Curacao er yndislegt og tekur mér vel þrátt fyrir að ég tali ekki tungumálið þeirra. Þau eru vön því að hingað komi og fari læknar reglulega. Flestir læknar sem hingað koma eru frá Hollandi og Kólumbíu. Þau eru hissa á að ég skuli vera komin hingað alla leið frá Íslandi og botna enn síður í því að ég skuli vera að flytja aftur heim í sumar í kuldann á Íslandi. Ég spyr mig nú oft að því sama.

Sjúklingahópurinn minn er að mörgu leyti svipaður og á Íslandi en heilt yfir er talsvert heilsuleysi hérna á eyjunni. Hér glímur fólk við mikla offitu og sykursýki er mjög algeng. Mikið er um alvarlega fylgikvilla sykursýki, hátt hlutfall sjúklinga í skilun vegna nýrnabilunar og fótasár eru algeng. Hér eru að minnsta kosti 1-2 aflimanir í hverri viku.

Það er mikið um áverka eftir bílslys og mótórhjólasyks og vinnuslys eru algeng. Hér er lítið um forvarnir. Menn, konur og börn keyra beltislaus og öikumenn keyra gjarnan undir áhrifum.

**12:00** Hádegismatur. Sest til borðs með dr. Rivera og öðrum læknum frá Kólumbíu. Þeir eru mínir menn, hrikalega skemmtilegir og það er mikið hlegið. Góð blanda af skemmtilegheitum, kaldhæðni og drama. Alvöru latínódrama!

**13:00** Aðgerðir í staðdeyfingu á litlu skurðstofunni. Í dag er ég að lagfæra keloid-ör, gera augnlokaplastík og lagfæringu á fingurstúf. Ég sé mikið af sjúklingum með keloid-ör og vinn með geislalæknunum sem gefa geislameðferð (*brachytherapy*) eftir að örið hefur verið fjarlægð.

**16:00** Fer heim úr vinnunni. Besti tími



Halla með skemmtilegu og ómissandi samstarfskonum sínum á göngudeildinni. Mynd/aðsend

dagsins. Notalegt að hitta fjölskylduna, setjumst út, förum yfir daginn, smá sundsprettur og ákveðum kvöldmatinn.

**17:00** Ég og Hákon, maðurinn minn, keyrum Fróða (13 ára) á Padel-æfingu og tökum smá æfingu sjálf í leiðinni á tveggja manna velli. Geggjað sport sem allir geta spilað.

**19:00** Kvöldmatur. Grillað úti og við sitjum úti og borðum. Útieldhúsið okkar er Weber-grill af stærstu gerð sem við tókum með frá Íslandi og er notað nánast daglega.

Á Curacao er bara gott veður, heitt og aðeins heitara. Golan reddar þessu og það koma skúrinn inn á milli. Maður venst því að vera alltaf þvalur og hárið úfið í raknum.

Leggjumst uppí um kl. 22:00 en áður en við förum að sofa undirbúum við morgundaginn og gerum klárt fyrir köfun. Hér er draumur að kafa, förum sjálf út hvenær sem okkur hentar, eyjan er umlukin kóralrifjum.

Góða nótt!